

Föstudaginn 14. ágúst 1998.

Nr. 260/1998.

Fróði hf.

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

gegn

Carl Allers Etablissement A/S

(Árni Vilhjálmsson hrl.)

Kærumál. Dómkvaðning matsmanna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 12. júní 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 22. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 4. júní 1998, þar sem tekin var til greina krafa varnaraðila um, að dómkvaddir yrðu tveir hæfir og óvilhallir menn til að „framkvæma mat samkvæmt XII. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991“. Kæruheimild er í c-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991. Krefst sóknaraðili þess, að synjað verði beiðni varnaraðila um dómkvaðningu matsmanna og honum gert að greiða sér málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Beiðni varnaraðila lýtur að dómkvaðningu matsmanna samkvæmt 1. mgr. 77. gr. laga nr. 91/1991. Vísar sóknaraðili meðal annars til þess, að samkvæmt 2. mgr. 60. gr. laganna leggi dómari sjálfur mat á atriði, sem krefjist almennrar þekkingar og menntunar eða lagaþekkingar. Telur hann, að spurningar, sem varnaraðili kys að beina til matsmanna, kalli einungis á almenna þekkingu og reynslu. Varnaraðili heldur því hins vegar fram, að til þess að unnt sé að svara spurningunum, „þurfi menn að hafa sérþekkingu á því, hvernig hönnun á blöðum og öðru prentverki fer fram, hversu mikillar sköpunar slík hönnun krefst, aðferðafræði hönnunar, hver ákvarði útlit á blaði, hvernig það er ákvarðað, hvað sé haft til hliðsjónar, þegar nýtt tímarit er hannað, hvaða aðferðum menn beita við hönnun til að ná fram ákveðnum áhrifum, hvaða menntun hönnuðir hafa“. Slík þekking fáiist hvorki með almennri menntun né reynslu.

Sérfræðileg matsgerð sé því nauðsynleg til þess að fá spurningunum svarað.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur, enda verður ekki fullyrt, að svör dómkvaddra manna við þeim matsatriðum, sem varnaraðili hyggst leggja fyrir þá, skipti ekki máli fyrir sakarefni væntanlegs dómsmáls milli aðila máls þessa.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Fróði hf., greiði varnaraðila, Carl Allers Etablissement A/S, 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 4. júní 1998.

Ár 1998, fimmtudag 4. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur í málinu nr. M-17/1998: Beiðni Carl Allers Etablissement aktieselskab, um, að dómkvaddir verði tveir hæfir og óvilhallir menn til að framkvæma mat samkvæmt XII. kafla laga nr. 91/1991, kveðinn upp úrskurður þessi.

Mál þetta var þingfest 12. maí sl., og krafðist matsbeiðandi, Carl Allers Etablissement aktieselskab, þess, að dómkvaddir yrðu tveir hæfir og óvilhallir menn til að framkvæma mat samkvæmt XII. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Matspoli, Fróði hf., mótmælti beiðni um dómkvaðningu og gerði þær kröfur, að synjað yrði um dómkvaðningu matsmanna og matsbeiðanda gert að greiða sér hæfilegan málskostnað vegna reksturs þessa máls. Lögmenn aðila gerðu grein fyrir kröfum sínum í þinghaldi 29. maí sl., og var málið síðan tekið til úrskurðar.

Matsbeiðandi kveður tildrög matsbeiðninnar þau, að hann hafi gefið út tímarit með nafninu Se & Hör í Danmörku, Svíþjóð og Noregi, og hafi þau verið seld á Íslandi í tugi ára. Tímaritin sérhæfi sig í flutningi stuttra fréttu og leggi áherslu á myndbirtingu, og hafi starfsmenn matsbeiðanda hannað útlit tímaritanna á ákveðinn hátt með sérstakt yfirbragð í huga. Matsbeiðandi kveðst hafa komist að því fyrir nokkru, að Fróði hf. gæfi út tímarit með nafninu Séð og heyrt, sem líkist tímariti sínu. Brýnt sé að fá úr því skorið með mati sérfróðra aðila, hvort hið íslenska tímarit, Séð og heyrt, sé eftirlíking á tímariti sínu.

Viðfangsefni matsins eru nánar tilgreind þannig í matsbeiðni:

„1. Matsmenn lýsi því, hvort forsíða á íslenska tímaritinu Séð og heyrt sé eftirlíking af forsíðum tímaritanna, sem gefin eru út í Noregi, Svíþjóð og

Danmörku. Ef svo er, tilgreini matsmenn, hvaða sérkenni og útlitsatriði eru lík á milli blaðanna og eftirlíkingin byggist á.

2. Matsmenn lýsi því, hvort uppsetning á efni íslenska tímaritsins *Séð* og heyrt sé eftirlíking af uppsetningu á efni tímaritanna, sem gefin eru út í Noregi, Svíþjóð og Danmörku. Ef svo er, tilgreini matsmenn, hvaða sérkenni og útlitsatriði eru lík á milli blaðanna og eftirlíkingin byggist á.

3. Matsmenn tilgreini, hvort unnt hefði verið að hanna útlit forsíðu og efnis íslenska tímaritsins *Séð* og heyrt án þess að hafa vitneskju um hönnunina á norrænu tímaritunum.

4. Matsmenn tilgreini, hvort í hönnun hinna norrænu blaða felist sköpun, sem sé ný og sjálfstæð.

5. Matsmenn tilgreini, hvort hönnun á forsíðu og efni íslenska blaðsins *Séð* og heyrt sé eftirlíking á hönnun tímaritanna *Norsk Ukeblad* og *Hello*. Ef svo er, tilgreini matsmenn, hvaða sérkenni og útlitsatriði eru lík á milli blaðanna og eftirlíkingin byggist á.“

Af hálfu matsþola er á það bent, að samkvæmt matsbeiðni telji matsbeiðandi, að matsþoli hafi brotið gegn hugverkarétti hans og reglum samkeppnislaga um óréttmæta viðskiptahætti með útgáfu tímaritsins *Séð* og heyrt. Þau álítaefni, sem matsbeiðandi hyggist bera undir dómkvadda matsmenn, eigi ekki undir þá að fjalla um samkvæmt reglum laga nr. 91/1991. Þær reglur séu til þess ætlaðar að heimila málsaðilum að afla sönnunargagna um atvik máls, en ekki til að leysa úr réttarágreiningi með þeim. Samkvæmt 2. mgr. 60. gr. laganna skuli dómari sjálfur leggja mat á atriði, sem krefjast almennrar þekkingar og menntunar eða lagaþekkingar. Því verði að álykta að því aðeins verði matsmenn dómkvaddir, að sérfræðiþekkingu þurfi til mats á tilteknu atriði og það lúti ekki að lögfræðilegri úrlausn máls.

Matsþoli vísar einnig til 2. mgr. 2. gr. framangreindra laga um heimild til að kveðja meðdómsmenn með sérkunnáttu í dóm, ef talið er, að slíkrar kunnáttu sé þörf til að leysa úr málsástæðum. Álítaefnin, sem borin séu upp í matsbeiðni, eigi undir dómara að meta, en verði ekki lögð undir dómkvadda matsmenn. Með slíkum dómkvaðningum væri málsaðilum heimilað að víkja sér undan því að bera dæmigerðan réttarágreining undir dómara, en heimilað í staðinn eða að minnsta kosti fyrst að bera hann undir dómkvadda matsmenn.

Í 1. mgr. 77. gr. laga nr. 91/1991 eru tilgreind skilyrði fyrir því, að gagna verði aflað án tengsla við rekstur einkamáls. Samkvæmt ákvæðinu þarf matsbeiðandi að hafa lögvarinna hagsmuna að gæta af dómkvaðningunni og krefjast hennar í því skyni að staðreyna kröfu eða sanna atvik að baki

henni með það í huga, að komið geti til dómsmáls um hana. Í þessu máli verður að fallast á það með matsbeiðanda, að skilyrðum þessum sé fullnægt. Þá verður ekki talið, að fært sé að hafna matsbeiðninni á grundvelli 3. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991, það er, að aðili vilji sanna atriði, sem skipti ekki máli, eða gagn sé tilgangslaust til sönnunar. Matsbeiðnin verður ekki heldur skilin svo, að með henni sé verið að óska eftir því, að dómkvaddir matsmenn skeri úr réttarágreiningi.

Að þessu virtu er krafa matsbeiðanda um dómkvaðningu tveggja hæfra og óvilhallra manna til að framkvæma umbeðið mat tekin til greina.

Arnfríður Einarsdóttir dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Krafa matsbeiðanda, Carl Allers Etablissement aktieselskab, um, að dómkvaddir verði tveir hæfir og óvilhallir menn til að framkvæma mat samkvæmt XII. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, er tekin til greina.
